

Skýrsla um sérkennslu í Leikholti 2023-2024

Upplýsingar og gögn um sérkennslu eru meðhöndluð sem trúnaðarmál

Snemmtæk íhlutun – sérkennsla

Leikskólinn Leikholt er fyrir börn frá eins til sex ára. Hvert einstakt barn þarf tækifæri til að fást við viðfangsefni við sitt hæfi, með tilliti til þroska, atgervis og menningar.

Til þess að uppfylla skyldur laga um leikskóla nr. 90/2008 hafa m.a. verið þróaðar leiðir í leikskólanum Leikholti til að tryggja jafnan rétt allra barna til náms óháð uppruna þeirra, trú og líkamlegu og/eða andlegu atgervi. Ein þeirra leiða er *snemmtæk íhlutun* en hún gengur út á að gripið er til markvissra aðgerða eins og fljótt og auðið er þegar áhyggjur vakna af þroskaframvindu barns. Eitt af einkennum *snemmtæktrar íhlutunar* er skýr markmiðasetning og til að markmið náist er samstarf fagaðila og foreldra mjög mikilvægt.

Markmið *snemmtæktrar íhlutunar* í Leikholti:

- Að auka færni barna miðað við þroskastig þeirra og stuðla að því að hvert eitt þeirra geti þroskast sem best á eigin forsendum.
- Að hefja markvissa íhlutun/sérkennsla um leið og grunur um frávik vaknar eða þörf talin á viðbótarkennslu, þó greining viðurkenndra greiningaraðila liggja ekki fyrir.
- Að styðja við og efla málþroska tvítyngdra barna.
- Að gerðar séu einstaklingsnámskrár/þjálfunaráætlanir með skýrum og mælanlegum markmiðum sem byggja á skráningum og skimunum kennara leikskólans og annarra sérfræðinga þegar við á.
- Að vinna með börnum í hópum sem og einstaklingsþjálfun eftir þörfum hvers og eins.
- Að stuðla að því að þeir sem koma að kennslu og þjálfun þekki markmiðin og áherslur og séu þátttakendur í þarfagreiningu og endurmati.
- Að foreldrar fá reglulega upplýsingar um námsframvindu og áherslur og fái einnig tækifæri til að koma að markmiðasetningu og þjálfun.

Dæmi um gögn sem kennarar í Leikholti nota til að meta þroska barna:

- Færnischema Leikhólts. Einstaklingsnámskrá allra barna í Leikholti og byggir á að meta ákveðin aldursskipt færnisvið þ.e. hreyfiþroska, félagsfærni, sjálfshjálp, vitsmunaproska, numicon og stærðfræði, mál og læsi.
- TRAS – skráning á málþroska ungra barna (2-5 ára)
- HLJÓM-2. Athugun á hljóð- og málvitund 5-6 ára leikskólabarna
- Íslenski máhljóðamælirinn
- Orðaskil

- Íslenski smábarnalistinn
- Íslenski þroskalistinn
- AEPS-listar - hagnýtt tæki kennara og foreldra til þess að meta hvar barnið er stött og með hvaða færni á að vinna og nýtist vel við gerð einstaklingsnámskrár
- O.fl.

Leikskólinn hefur aðgang að sérfræðingum hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls s.s. kennsluráðgjafa, félagsfræðinigi, sálfræðingi og talmeinafræðingi. Einnig að hjúkrunarfærðingum hjá heilsugæslunni í Laugarási og iðjuþjálfum hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Starf sérkennslustjóra

Staða sérkennslustjóra hefur verið til við Leikholt síðan í maí 2008 en þá var starfshlutfall hans 10 % óháð þörf og umfangi sérkennslunnar. Þann 1. júlí 2010 var samþykkt í skólanefnd að stjórnunarhlutfall sérkennslustjóra væri skilgreint eftir fjölda barna í leikskólanum og miðað væri við 0,5 % per barn. Starfshlutfall sérkennslustjóra í Leikholti veturinn 2011 - 2012 var 15 %, þ.e. 6 tímar á viku. Sérkennslustjóri sagði upp starfi sínu haust 2012 og þá ákvað leikskólastjóri að sjá um sérkennsluna í Leikholti veturinn 2012-2013 sem og veturinn 2013-2014. Í *Vorskýrslum um sérkennslu* þessara ára, kemur m.a. fram að annasamt hafi verið að sinna sérkennslunni samhliða leikskólastjórastöðunni og í gögnum varðandi sérkennslu kemur fram að ansi margir sérkennslutímar hafi fallið niður. Að hausti 2014 var sérkennslustjóri ráðinn í 60% starfshlutfall, til að halda utan um skipulag sérkennslunnar og annast verklega kennslu.

Innan vinnuramma sérkennslunnar falla t.d. verkefni eins og ráðgjöf til annarra starfsmanna, gerð einstaklingsáætlana og endurmat, fundir með deildarstjóra og leikskólastjóra, viðtöl við foreldra, teymisfundir, námsgagnagerð, flokkun og umsjón með sérkennslugögnum, athuganir, skráningar o.fl. Verkleg sérkennsla er mismunandi milli ára en sérkennsluþörf er metin að vori af sérkennslustjóra í samráði við deildarstjóra og leikskólastjóra. Áætlunin er uppfærð að hausti þegar ýmsar skráningar og haldbær gögn liggja fyrir. Sérkennslustjóri sér um verklegu tímana en sé þess talin þörf einhverra hluta vegna er honum heimilt að úthluta öðrum kennurum tiltekin verkefni eða þjálfun.

Sérkennslustjóri starfar í megin dráttum samkvæmt starfslýsingu sérkennslustjóra frá KÍ. Einnig samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum er við eiga, Aðalnámskrá leikskóla og ekki síst hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar. Til að

skerpa enn frekar á starfi sérkennslustjóra og verkferlinu innan sérkennslunnar í Leikholti var ferlið yfirfarið í heild sinni í mars 2017 af sérkennslustjóra, leikskólastjóra og deildarstjórum og sett upp í skipurit. Verkferli sérkennslu í Leikholti var samþykkt í skólanefnd 25. apríl 2017. Síðan þá hefur það verið uppfært og endurbætt tvisvar sinnum.

Sérkennsla og sérkennslurými í Leikholti

Í lögum um leikskóla (2008) og í reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (nr. 655/2009) kemur m.a. fram að gera skuli sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir. Í Leikholti, í samræmi við Verkferli sérkennslu í Leikholti, lög um leikskóla o.fl. er sérkennslutímum varið til stuðnings og þjálfunar barna samkvæmt einstaklingsnámskrá. Unnið er við þær aðstæður sem taldar eru tryggja bestan árangur hverju sinni. Ýmist er unnið í barnahópnum, einstaklingslega eða í fámennum barnahópi. Oftar en ekki hentar barninu betur að vera í ákveðnu rými, í fámennum hópi eða jafnvel eitt við innlögn og þjálfun ýmissa færniþátta. Börn með þroskaraskanir þurfa mörg hver mikinn stöðugleika hvað skipulag varðar og einfalt umhverfi sem er laust við óþarfa áreiti, s.s. hillur fullar af spennandi leikföngum og efnivið.

Í þeim tilfellum þar sem talið er best að vinna með barn eitt og sér eða í fámennum barnahópi þurfa aðstæður að vera fyrir hendi, bæði í tíma og rúmi. Á haustönn 2020 hafði

sérkennslustjóri til umráða til kennslu og sem skrifstofu, það rými sem leikskólastjóri hafði fyrir skrifstofu skólaárið 2019-2020 og fékk það nafnið Móí. Eftir áramót, í janúar 2021, þegar leikskólinn flutti starfsemi sína að Blesastöðum vegna myglu í Brautarholti var sérkennslan í litlu herbergi við matsal og eldhús. Vegna þrengsla var þjálfun í hópatímum gjarnan færð inn á deild eða inn í matsalinn þegar færi gafst. Eftir að flutt var aftur til baka í húsnæðið í Brautarholti í júní 2021 var sérkennslan færð í það herbergi sem stúkað hafði verið af haustið 2020 og ætlað sem skrifstofa leikskólastjóra. Það herbergi mun vera skrifstofa sérkennslustjóra og kennslurými fyrir einstaklinga og fámenna hópa næsta vetur og fá nafnið Móí. Í maí 2022 urðu sérkennslustjóri og leikskólastjóri að sameinast í rými Móa þar sem plássleysi fyrir yngstu deild var mikið vegna aukins barnafjölda. Haustið 2022 voru gerðar breytingar á skipulagi í leikskólanum hvað vinnuaðstöðu sérkennslustjóra varðar. Aðstaða til skráningar og tölvuvinnu fór inn í sameiginlegt undirbúningsherbergi starfsmanna og kennslu var að mestu sinnt inn á deildum eða í lausum rýmum leikskólans skólaárið 2022-2023. Þann vetur var aðstöðuleysi talin hafa neikvæð áhrif á sérkennslu þó einkum á íhlutunina og þjálfunina sjálfa. Haustið 2023 voru aftur gerðar breytingar á aðstöðu sérkennslunnar. Litla rýmið sem áður hafði verið notað m.a. sem skrifstofa leikskólastjóra, skrifstofa og kennslurými sérkennslustjóra var aftur tekið til notkunar sem aðstaða fyrir sérkennslustjóra.

Framkvæmd og leiðir sérkennslunnar skólaárið 2023-2024

Sérkennslustjóri sá að mestu leyti um verklega sérkennslu í vetur, en verkleg sérkennsla var aðeins mismunandi milli tímabila með tilliti til tímaúthlutunar og samkennslu. Deildarstjóri og hópstjórar sáu einnig um félagsfærniþjálfun í fámennum hópi inni á deildunum og leshópar voru stofnaðir á einni deildinni með það að markmiði að efla orðaforða barna, einkum þeirra sem ekki fengu skipulagðan lestur í hvíldartíma. Þeir tímar dekkuðu að hluta úthlutaða sérkennslutíma og voru skilgreindir sem liður í stoðþjónustu.

Sérkennsluþörf var miðuð út frá athugunum talmeinafræðings, sálfræðings og matstækjum sem kennarar leikskólans hafa yfir að ráða. Einnig skráningum og mati sérkennslustjóra og deildarstjóra í samráði við leikskólastjóra og viðkomandi foreldra. Verkleg sérkennsla fólst t.d. í að efla félagsþroska, auka færni í íslensku og efla almennan málþroska s.s. hljóðkerfisvitund, setningamyndun, orðaforða, skilning, hlustun o.fl. Einnig að styrkja framburð, efla félagsþroska, færni í samskiptum og grunnþáttum boðskipta auk þess að efla færni í að nota tákn með tali (TMT).

Veturinn 2023-2024 voru 13 börn sem nutu sérkennslu og íhlutunar að einhverju tagi. Flest þessara barna áttu fasta tíma allan veturinn og önnur komu inn í mislögum kennslulotum.

Börn í sérkennslu veturinn 2023-2024

barn	tímabil	unnið að því að efla	tímaáætlun á viku		einstaklingsnámskrá gerð
			einstaklings	í hóp	
2018	haustönn	ísl.v/tvít., framburð hljóðkerfisvitund	1	2	já
	vorönn	ísl.v/tvít., framburð hljóðkerfisvitund	1	1	já
2018	haustönn og vorönn	málþroska, framburð, hljóðkerfisvitund, félagsfærni	1	2	já
2018	haustönn og vorönn	ísl.v/tvít., framburð hljóðkerfisvitund	1	1	já
2018	haustönn og vorönn	framburð, hljóðkerfisvitund nokkur skipti hvora önn	1	1	❤️ kennsluáætlun
2018	haustönn (nóv.-des.) og vorönn	málþroska, framburð, hljóðkerfisvitund	2	1	já
2019	haustönn vorönn	mál- og hljóðavitund, framburð mál- og hljóðavitund, framburð	1 2	2 1	já já
2019	haustönn og vorönn	mál- og hljóðavitund, framburð	1	1	já
2019	haustönn og vorönn	ísl.v/tvít., framburð mál- og hljóðavitund, félagsfærni	1	2	já
			annar hópatíminn að hluta félagsf.þj. á deild		
2019	haustönn og vorönn	framburð, mál- og hljóðavitund nokkur skipti hvora önn	1	1	❤️ kennsluáætlun
2020	vorönn (feb.-maí)	framburð, mál- og hljóðavitund	1	1	❤️ kennsluáætlun
2021	haustönn og vorönn	málþroska, TMT í feb. - maí var annar hópatíminn nýttur sem lestrarstund á deild	1	2	❤️ kennsluáætlun
2021	haustönn og vorönn	ísl.v/tvít., TMT í feb. - maí var annar hópatíminn nýttur sem lestrarstund á deild	1	2	❤️ kennsluáætlun
2022	vorönn (apríl-júní)	ísl.v/tvít., TMT	2		❤️ kennsluáætlun

Einstaklingsnámskrár

Haustið 2023 voru sex einstaklingsnámskrár gerðar fyrir börn sem þurftu á íhlutun að halda og sjö á vorönn. Einstaklingsnámskrárnar voru gerðar að hausti og endurmetnar í desember og janúar. Nýjar einstaklingsnámskrár gerðar í janúar og febrúar. Unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrám við þær aðstæður sem taldar eru tryggja bestan árangur hverju sinni. Ýmist er unnið í barnahópnum, einstaklingslega eða í fámennum leikhópum.

Á haustönn flokkuðust fjögur börn sem *hjärtabörn* og sex á vorönn. Í verkferli sérkennslu í Leikholti eru þessi börn innan hjarta skipuritsins. Tímaúthlutun til þessara barna og kennsluáætlun byggir á mati viðkomandi deildarstjóra og sérkennslustjóra t.d. út frá TRAS, Hljóm-2, Færnischema Leikhólts o.fl. Kennsluáætlanir hjartabarna spönnuðu yfir mislöng tímabil, allt frá tveimur upp í níu mánuði.

Fjartalþjálfun

Í vetur fór engin fjartalþjálfun fram í Leikholti á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings. Eitt barn fékk nokkra fjartalþjálfunartíma á vorönn hjá talmeinafræðingi úr öðru sveitarfélagi. Sérkennslustjóri sat tímana með barninu og fylgdi þjálfun eftir.

Iðjuþjálfun

Iðjuþjálfari starfar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands og sinnir börnum á Suðurlandi sem þurfa á iðjuþjálfun að halda. Síðast liðin ár hefur Ragnheiður Lúðvíksdóttir iðjuþjálfari hjá HSU komið í heimsókn til okkar að hausti og veitt elstu nemendum og kennurum þeirra leiðsögn varðandi grip á skærum og skriffærum. Hún hefur nú látið af störfum. Eydís Helga Garðarsdóttir starfar nú sem iðjuþjálfari á HSU en skólaárið 2023-2024 var aðkoma hennar að málum í Leikholti engin.

Samstarf við Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings (SVÁ) og aðra sérfræðinga 2023-2024

- Í ágúst kynntu Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings og Anný Ingimarsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustunnar og félagsráðgjafi starfsemina hjá SVÁ.
- Í september var haldin vinnustofa á vegum SVÁ fyrir fyrir starfsfólk, stjórnendur leik- og grunnskóla, stjórn og fagráð SVÁ og sveitastjórnarfólk á svæðinu. Markmið vinnustofunnar er að marka skýra sýn fyrir þjónustu SVÁ, setja langtímamarkmið og aðgerðaráætlun til að varða leiðina. Sérkennslustjóri og leikskólastjóri tóku þátt fyrir hönd Leikhólts.
- Í október voru sendar tilvísanir vegna þriggja barna til SVÁ og óskað eftir málþroska- og framburðarmati.
- Í byrjun nóvember var haldinn Nemendaverndarráðsfundur í Leikholti. Sérkennslustjóri og leikskólastjóri sátu fundinn fyrir hönd Leikhólts og Gunnlaug deildarstjóri stoðþjónustu og Edda félagsráðgjafi fyrir hönd SVÁ. Einnig sat Bjarney hjúkrunarfræðingur fundinn.
- Herdís Hersteinsdóttir þroskaþjálfari og ráðgjafi hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins (RGR) kom í Leikholt í nóvember vegna vinnslu máls hjá barni. Í kjölfarið var haldinn

teymisfundur með viðkomandi foreldrum, sérkennslustjóra, deildarstjóra, Herdísí (RGR) og Gunnlaugu (SVÁ).

- Harpa Hrönn talmeinafræðingur hjá SVÁ kom í Leikholt í nóvember og veitti ráðgjöf varðandi þjálfun þeirra barna sem biðu eftir málþroska- og framburðarmati auk tveggja annarra.
- Sérkennslustjóri fór á samráðsfund sérkennslustjóra í nóvember á vegum SVÁ sem haldinn var í Laugarási.
- Í desember var í samstarfi við RGR unnið að gögnum vegna máls eins barns.
- Í janúar kom Álfhildur Þorsteinsdóttir talmeinafræðingur (verktaki hjá SVÁ) í Leikholt og gerði málþroska- og framburðarathuganir á þremur börnum.
- Í febrúar var haldinn samráðsfundur sérkennslustjóra á vegum SVÁ í Leikholti þar sem sérkennslustjóri Leikhólts kynnti Færiskema leikskólans.
- Í mars voru Teams-skilafundir haldnir með Álfhildi talmeinafræðingi vegna athuganna hennar.
- Í mars og apríl fór fram fjartalþjálfun hjá einu barni sem talmeinafræðingur úr öðru sveitarfélagi sinnti.
- Í apríl var haldinn Nemendaverndarráðsfundur í Leikholti. Sérkennslustjóri og leikskólastjóri sátu fundinn fyrir hönd Leikhólts og Gunnlaug deildarstjóri stoðþjónustu og Anný félagsráðgjafi fyrir hönd SVÁ. Einnig sat Bjarney hjúkrunarfræðingur fundinn.
- Í júní var haldinn Teams-fundur á vegum SVÁ vegna fyrirhugaðrar þátttöku í verkefninu Snemmtæk íhlutun. Sérkennslustjóri sat fundinn fyrir hönd Leikhólts.

Áætluð sérkennsluþörf fyrir skólaárið 2024-2025

Drög að áætlun um sérkennsluþörf fyrir skólaárið 2024-2025 voru gerð í júní 2024 af sérkennslustjóra og deildarstjórum (sjá töflu). Áætlunin var yfirfarin og samþykkt á deildastjórafundi 13. júní. Gera má ráð fyrir að sérkennsluþörf aukist eftir að hefðbundnar athuganir og skráningar hafa verið gerðar í ágúst til október, s.s. Hljóm-2, TRAS, Færiskema Leikhólts o.fl.

Sérkennsluáætlun - 2024-2025

Lokaorð

Í vetur hefur undirrituð sinnt starfi sérkennslustjóra í Leikholti í 60% starfshlutfalli líkt og undanfarin ár. Helstu verkefni hafa verið verkleg sérkennsla, pappírsvinna og utanumhald skráninga og sérkennslugagna, mat á þroska og áætlanagerð, umsjón með sérkennslugögnum, teymisvinna, foreldraviðtöl o.fl.

Mjög mikilvægt að hafa sveigjanleika innan þess tímaramma sem ætlaður er til verklegrar sérkennslu svo hægt sé að bregðast skjótt við þegar grunur vaknar um frávík af einhverju tagi. Sérkennsla og snemmtæk íhlutun geta skipt sköpum varðandi þroska margra barna. Vandinn er ekki alltaf stór til að byrja með en getur vaxið svo um munar ef ekkert er að gert. Einnig er mikilvægt að vera vel vakandi yfir málþróun og íslenskufærni tvítyngdra barna, efla þau í íslenski tungu og styðja vel við fjölskyldur þeirra.

Eins og undanfarin ár fengu svokölluð hjartabörn mislangar þjálfunarlotur og gafst það vel. Sérkennslustjóri telur að nýta beri þann möguleika enn betur, þ.e. að þau börn sem ekki eiga fasta sérkennslutíma samkvæmt einstaklingsnámskrá, en þurfa ákveðið utanumhald og eftirfylgni vegna einhverra frávika fái skjóta og góða þjónustu, hvort sem það er í formi athugana og/eða þjálfunar. Það er því góður kostur að hafa svigrúm og skilgreindan tíma til slíkra verkefna og til að skipta á milli deilda og/eða barna í samráði við viðkomandi deildarstjóra.

Auk hefðbundinna verkefna sem falla undir sérkennslu og stoðþjónustu kemur sérkennslustjóri að ýmsum verkefnum sem tengjast leikskólanum. Í vetur hafa slík störf m.a. falist í setu í Stjórnendateymi, Gæðateymi og Nemendaverndarráði Leikhólts sem og að sinna starfi tengiliðar farsældar. Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi þann 1. janúar 2022. Meginmarkmið laganna er að skapa umgjörð sem stuðlar að því að börn og foreldrar, sem á þurfa að halda, hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Hlutverk tengiliðar er:

- að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi
- að rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við foreldra og barn
- að veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns
- að aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns
- að skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns
- að koma upplýsingum til sveitarfélags um þörf fyrir tilnefningu málstjóra
- að taka þátt í starfi stuðningsteymis eftir því sem við á

Veturinn 2024-2025 er áætlað að þróa starf tengiliðar farsældar enn frekar, gera það sýnilegra, upplýsa starfsmenn og foreldra um hlutverk tengiliðar og greiða aðgang þeirra að honum.

Í vor bauðst leikskólum á vegum Skólaþjónustu Árnesþing þátttaka í verkefninu „Snemmtæk íhlutun í leikskóla með áherslu á málþroska og læsi“ (SÍ). Verkefnið hefur það megin markmið að valdefla starfsfólk leikskóla í að beita aðferðum snemmtækrar íhlutunar á sviði málþroska og læsis. SÍ verkefnið byggir á þróunarverkefni Ásthildar Bj. Snorradóttur talmeinafræðings og hefur þegar verið innleitt í nokkrum sveitarfélögum á landinu. Helstu verkþættir SÍ verkefnisins felast í því að efla markvissa málörvun í daglegu starfi, stuðla að betri og markvissari nýtingu á málörvunarefni, skerpa á verkferlum í kjölfar mats og stuðla að samvinnu leikskóla við foreldra, sérfræðinga og grunnskóla. Á meðan á verkefninu stendur vinna þátttakendur einnig handbók sem rammur inn ofangreinda þætti, byggða á hugmyndafræði og skólanámskrá hvers og eins leikskóla. Allt starfsfólk leikskólanna er virkjað í verkefninu en tveir lykilaðilar eru síðan valdir til þess að leiða verkefnið í hverjum leikskóla. Undirrituð mun að öllum líkindum vera annar þessara lykilaðila fyrir hönd Leikhólts og ef af því verður er ekki ólíklegt að auka þurfi starfshlutfall sérkennslustjóra á meðan á vinnslu og innleiðingu verkefnisins stendur.

Leikholt, 12. ágúst 2024

Matthildur Elísa Vilhjálmsdóttir, sérkennslustjóri Leikhólts

